

Mál nr. 134/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Kaskótrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækis (X)

Takmörkun ábyrgðar váttryggingafélags. Stórkostlegt gáleysi.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 9. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 18. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu sem fylgir gögnum málsins kemur fram að M ók bifreiðinni X út af Eyjafjarðarbraut, við brú við Þverá, hinn 18. apríl 2022 þannig að tjón varð á bifreiðinni. Í skýrslunni er haft eftir M að hann hafi ekið Eyjafjarðarbraut og haldið að framkvæmdir væru búnar við brúna við Þverá þegar hann heyrði hliðarspegil bifreiðarinnar slást í eitthvað, sennilega viðvörunarmerki um hliðarleið. Eftir það hafi hann reynt að stöðva bifreiðina en ekki náð því áður en hún fór út af veginum. Aðspurður taldi M ekki vita á hvaða hraða hann var en taldi sig hafa verið á um 60 km/klst þegar hann ók utan í viðvörunarmerkið. Farþegi hafði ekki tekið eftir hvað gerðist nákvæmlega þar sem hún hafi verið að horfa út um hliðarrúðu þegar óhappið varð.

V hefur takmarkað ábyrgð sína úr kaskótryggingu X um þriðjung heildarfjárhæðar bóta með vísan til 1. mgr. 90. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.) og telur að aksturslag M hafi falið í sér stórkostlegt gáleysi. V vísar til þess að þó M sé ekki eigandi bifreiðarinnar X sé hann samsamaður með eigandanum, eiginkonu sinni, með vísan til heimildar í váttryggingarskilmálum, sbr. a-liður 2. mgr. 29. gr. vsl. V vísar til upplýsinga í lögregluskýrslu um að hámarksökuhraði á því svæði sem M ók út af veginum hafi verið verið tekinn niður í 30 km/klst og hafi umferðarmerki verið greinileg um það. Akstur M á 60 km/klst hafi því verið yfir löglegum hámarkshraða og farið gegn fyrirmælum 1. mgr. 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, sem og n.lið sömu greinar þar sem sérstök aðgæsluskylda sé þegar ekið sé um veg þar sem vegavinna fer fram. V telur aksturslag M fela í sér stórkostlegt gáleysi þar sem hann hafi ekki farið eftir þeim fyrirmælum.

M telur að hann hafi ekki sýnt stórkostlegt gáleysi og í málskoti kemur fram að mögulega hafi verið um meðvitundarleysi við aksturinn í augnablik að ræða. M kvaðst hafa verið illa áttaður eftir útafaksturinn þegar lögregla spurði um ökuhraða og hélt að spurningin hefði lotið að ökuhraða inn á vinnusvæðið, auk þess sem honum finnst ekki trúlegt að maður á áttæðisaldri hafi verið í stórkostlega gáleysislegum akstri á nýlegum bíl.

Álitri

Í gögnum málsins kemur fram að M missti stjórn á bifreiðinni X þegar hann ók utan í viðvörunarmerki á Eyjafjarðarbraut, við brú yfir Þverá. Af myndum í lögregluskýrslu hafði hámarkshraði verið færður í 30 km/klst á svæðinu vegna framkvæmda. Á M sem ökumanni hvíldi varúðarskylda skv. fyrirmælum í 36. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 um ökuhraða. Af framburði M í lögregluskýrslu verður ekki annað ráðið en að hann hafi verið eitthvað yfir þeim hámarksökuhraða sem tilgreindur var með umferðarmerkjum í aðdraganda þess að hann ók utan í viðvörunarmerki. Sönnunargögn um að hann hafi verið á 60 km/klst hraða þegar óhappið verð eru hins vegar ekki óyggjandi. Að öðru leyti verður ekki séð að M hafi farið gegn fyrirmælum umferðarlaga.

Þegar váttryggingafélag ber því við að heimild til takmörkunar á ábyrgð þess, eins og 1. mgr. 90. gr. vsl. um stórkostlegt gáleysi, sé fyrir hendi ber félagið sönnunarbyrði um að skilyrði þess ákvæðis sé uppfyllt. Í dómaframkvæmd síðustu ára hefur verið litið svo á að háttsemi sem feli í sér stórkostlegt gáleysi sé meira eða alvarlegra frávik frá þeirri háttsemi sem viðhafa ber skv. mælikvörðum sem að mestu eru hlutrenir.

Í þessu máli snýst mat á háttsemi M að því hvort akstur hans, sem virðist hafa verið eitthvað yfir 30 km/klst hámarkshraða, sé það alvarlegt frávik frá þeirri háttsemi sem bara að viðhafa að það teljist stórkostlegt gáleysi. Eins og segir hér að framan verður því ekki slegið föstu af gögnum málsins að M

hafi ekið á tvöföldum hámarkshraða þegar hann ók utan í viðvörunarskilti. Þótt sýnt sé að M hafi sýnt eitthvað gáleysi við aksturinn er það, m.v. gögn málsins, metið sem augnabliks athugunarleysi fremur en gáleysi á það háu stigi að það teljist stórkostlegt.

Vegna þessarar niðurstöðu er ekki tilefni til þess að taka frekar afstöðu til samsömunar í skilningi a-liðar 2. mgr. 29. gr. vsl.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu ökutækisins X hjá V

Reykjavík, 28. júní 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Guðmundur Stefán Martinsson